

Sveitarfélagið Hornafjörður
Skipulagsstjóri
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík 26. mars 2018
UST201802-248/K.S.J.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag – Skálafell, Sveitarfélaginu Hornafjörður - tillaga

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 20. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi 4 ha spildu úr landi Skálafells ásamt svæði fyrir bílastæði vegna gönguleiðar um Hjallanes og Heinabergssvæðið.


Skipulagssvæðið


Í greinargerð kemur fram að áætlað er að byggja áfram upp núverandi gistiðstöðu.

Einnig kemur fram að í dag eru 4 hús innan byggingarreits, og að áfram verði gert ráð fyrir 3 þeirra. Einnig er áætlað að reisa gistiálmur svo að samtals verði 520 m² fyrir gistirými.

Á ofangreindu skipulagssvæði eru ekki vistgerðir eða jarðmyndanir er njóta sérstakrar verndar og þar eru ekki svæði á náttúruminjaskrá. Framkvæmdir eru áætlaðar fjær Kolgrímu en 50 m. Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur